

# PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

## III. HLUTI

### Próflað 3 af 3

Prófnúmer próftaka: .....

Námsgrein til prófs: Helstu tegundir verðbréfa: **Afleiður og gjaldeyrir (20%)**

*ATH. Próf í helstu tegundum verðbréfa er þrískipt: Sjá sérstök prófblöð vegna **Skuldabréfa (40%)** og **Hlutabréf (40%)**.*

Prófdagur: Miðvikudagur, 28. apríl 2010 **Kl.:** 17:00 – 21:00

Úrlausnartími: Alls 4 klst., allt prófið. **Prófblöð:** 3 (þ.m.t. forsíða)

Leyfileg hjálpargögn: Öll gögn leyfileg, þ.m.t. reiknivélar sem hafa textaminni og/eða hægt er að forrita. Fartölvunotkun óheimil. **Fylgiblöð:** Engin.

**Leiðbeiningar:** Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar, notaðu öll leyfileg hjálpargögn og farðu vandlega yfir úrlausnir þínar áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvisvar á prófstað, á fyrstu og síðustu klukkustund próftíma. Með prófstað er hér átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs, í Reykjavík.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ALLAR LAUSAR PRÓFARKIR SKULU TRYGGILEGA AUÐKENNDAR MEÐ PRÓFNÚMERI ÞÍNU.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.


GANGI ÞÉR VEL.

1. Stundargengi EURGBP er 0,87816. Samfelldir vextir í EUR til 7 mánaða eru 3,5% á ársgrundvelli og sambærilegir vextir í GBP eru 1,5%. Hvert er 7 mánaða framvirkt gengi EURGBP ? **[2% af heildarprófi]**
2. Fyrir 4 mánuðum síðan gerði einstaklingur framvirkan samning við bankann sinn um kaup á hlutabréfum eftir 10 mánuði. Samningurinn hljóðaði upp á 1.000.000 kr. að nafnverði. Í dag þegar 6 mánuðir eru eftir af samningnum er gengi umræddra hlutabréfa 50 kr. per hlut og samningurinn er 100.000 kr. virði fyrir þennan einstakling. Samfelldir vextir til 6 mánaða eru núna 11% á ársgrundvelli en voru 15% þegar samningurinn var gerður. Samfelldir vextir til 10 mánaða fyrir fjórum mánuðum voru 9% á ársgrundvelli en eru núna 12%. Hvert var framvirka verðið sem þessi einstaklingur fékk á sínum tíma (fyrir fjórum mánuðum síðan?) **[4% af heildarprófi]**
3. Fyrirtæki gerði gjaldmiðla- og vaxtaskiptaskiptasamning til 3 ára (36 mánuðir) fyrir 27 mánuðum síðan við bankann sinn. Samkvæmt samningnum greiðir fyrirtækið fljótandi vexti í USD á sex mánaða fresti og fær greitt frá bankanum 7% fasta vexti í ISK (flatir vextir) á sex mánaða fresti. Höfuðstólsskipti eiga sér stað við upphaf og lok samnings. Höfuðstóllinn í ISK er 1.200 milljónir og gengi USDISK var 120 þegar samningurinn var gerður. 6 mánaða USD-Libor var 4% á ársgrundvelli fyrir þremur mánuðum en er 4,75% á ársgrundvelli í dag. Fastir ISK vextir til 5 ára eru í dag 8,5%. Gengi USDISK í dag er 100. Í töflunni hér að neðan eru gefnir gildandi eingreiðsluvextir (vaxtagreiðslur reiknast sem flatir vextir en eingreiðsluvextir eru gefnir sem samfelldir vextir). Hvert er virði samningsins fyrir bankann í íslenskum krónum? **[4% af heildarprófi]**

T	3mán	6mán	9mán	12mán
ISK	6,5%	6%	5,5%	5%
USD	4,25%	4.75%	5,25%	5,25%

4. Hlutbréf í XX hf. eru til sölu á genginu 10 kr. Ekki er fyrirhugað að greiða arð á næstu mánuðum en fjárfestum bíðst að kaupa sölurétt eða kauprétt á XX hf. til 3mánaða. Valréttirnir eru evrópskir og kosta kauprétturinn 1,7 kr og sölurétturinn 2,5 kr. Vextir til allra tímalengda eru þeir sömu eða 10%. Hvað er samningsgengi valréttanna ? **[2% af heildarprófi]**
5. Til skoðunar er söluréttur á hlutabréf. Þið seljið sölurétt á 2 milljónir hluta með samningsgengi 11 kr. fyrir hvern hlut. Tímavirði söluréttarins er 0,7 kr. per hlut. Gengi undirliggjandi hlutabréfa er 10 kr. Hvað kostar sölurétturinn ? **[1% af heildarprófi]**

6. Fyrirtæki þarf að greiða 800 þúsund evrur eftir 8 mánuði. Fyrirtækið vill verjast veikingu krónunnar og gerir framvirkan samning. Framvirka gengið í samningnum er 100 krónur fyrir hverja evru. Nú eru 3 mánuðir síðan samningurinn var gerður. Samfelldir áhættulausir vextir til 5 mánaða eru 13,5% á ársgrundvelli í krónum og 4% á ársgrundvelli í evrum. Stundargengi EURISK er 95 í dag. Hvert er virði samningsins fyrir mótaðila samningsins ? **[2% af heildarprófi]**
7. Gengi hlutabréfa í ABC er 8 kr pr. Hlut. Hægt er að fjárfesta og taka lán á sömu áhættulausum 15% flötu vöxtum. Hægt er að gera framvirka samning á genginu 8,5 pr. hlut til 9 mánaða. Er hægt að búa til áhættulausan hagnað og hversu mikill er hann. Sýnið hvaða viðskipti þyrfti að framkvæma til að nýta sér högnunartækifærið. **[2% af heildarprófi]**
8. Svarið eftirfarandi fullyrðingum með rétt eða rangt (ekki er dregið frá fyrir rangt svar) . Vægi sérhverrar fullyrðingar er 0,5% **[3% af heildarprófi]**



	Fullyrðing	Rétt	Rangt
1	Mynd 1 má búa til með því að kaupa sölurétt með samningsgengi X og selja kauprétt með samningsgengi Y, þ.a. Y stærra en X		
2	Mynd 1 má búa til með því að selja sölurétt með samningsgengi X og kaupa kauprétt með samningsgengi Y, þ.a. X stærra en Y		
3	Evrópskan kauprétt (e. European call) má nýta hvenær sem er á líftíma samnings .		
4	Stundargengi, framvirkt verð og flökt eru nokkrir af þeim þáttum sem hafa áhrif á verð valrétt		
5	Mynd 2 er langur söluréttur. Kaupir sölurétt og átt því rétt á að kaupa ákveðið magn af undirliggjandi á fyrirfram ákveðnu gengi á fyrirfram ákveðnum tíma		
6	Évra er grunnmynt gagnvart dollara og pund. Pund er grunnmynt gagnvart dollara.		